

## Jóhann Gunnsteinn Harðarson

---

**Subject:** RE: Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

---

**From:** Kristján Gestsson - HMS <[Kristjan.Gestsson@hms.is](mailto:Kristjan.Gestsson@hms.is)>

**Sent:** Thursday, February 6, 2025 8:35:18 AM


**To:** Stofnframlag - HMS <[stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)>

**Cc:** Stofnframlag - HMS <[stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)>

**Subject:** Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

## Stofnframlög

# Stofnframlögum hefur verið úthlutað til rúmlega 4.000 almennra íbúða



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til samfélagssinnaðra leigusala til að byggja eða kaupa almennar íbúðir.

Markmið stofnframlaganna er að bæta húsnæðisöryggi tekju- og eignaminni heimila með því að fjölga leiguíbúðum með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði. Húsnæðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu heimilanna og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar um 32 milljörðum króna verið úthlutað af HMS til byggingar og kaupa á 4.015 íbúðum víðsvegar um landið. Heildarfjárfesting í uppbyggingunni nemur um 158 milljörðum króna.

## Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

**Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.**

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

**Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:**

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir sem eru byggðar eða byggðar til leigu íbúða í ferisleigindum og

**Auk þess verður lögð áhersla á:**

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa á hverju svæði.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

## Umsóknarfrestur til og með 27. febrúar 2025

Sótt er um í stofnframlagakerfi HMS á vefsíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Innskráning byggir á auðkenninga þjónustu Ísland.is og umboðsmannakerfi þess.

Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 183/2020 að skila sér innan umsóknarfrests.

**Nánari upplýsingar er að finna [www.hms.is/stofnframlog](http://www.hms.is/stofnframlog)**

Fyrirspurnir beinast á [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)

## Sérstök athygli er vakin á að:

Mikilvægt er fyrir umsækjendur og sveitarfélög þar sem sótt er um stofnframlög að hafa eftirfarandi í huga vegna umsókna um stofnframlög:

- Skila þarf inn staðfestingu um veitingu stofnframlags af hálfu þess sveitarfélags þar sem almennar íbúðir verða staðsettar.
- Með ofangreindri staðfestingu þarf að fylgja staðfesting á fjárhæð og formi stofnframlags sveitarfélags, sjá [hér](#).

Sótt er um stofnframlög hér [Stofnframlög | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun](#) og frekari upplýsingar veitir starfsfólk HMS í síma 440-6400 eða í tölvupósti [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)

Kveðja / Best regards

**Kristján Gestsson**

sérfræðingur

Lán og stofnframlög

**HMS**



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400